

AUGLÝSING

um niðurfærslu tolla.

Með heimild í 6. lið 3. gr. tollskrárlaga nr. 7/1963 og með vísun til auglýsingar nr. 73/1943, um viðskiptasamning, er gerður var í Reykjavík 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, hefur ráðuneytið ákveðið að færa niður tolla á eftirgreindum vörum þannig, að tollar þessir breytist frá því, sem þeir eru nú í tollskrárlögunum, og þeir verði eins og að neðan greinir:

Tollskrá	Vörutegund	
Kafli Nr.		
08.04.21	Rúsínur	25%
08.06.10	Epli	15%
08.06.20	Perur og kveður	15%
08.12.01	Sveskjur	25%
15.07.81	Sojabaunaolía	10%
15.07.82	Baðmullarfræsolía	10%
19.05.00	Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „cornflakes“ eða þess konar vörur ..	50%
20.07.09	Ávaxtasafi o. s. frv., annar	60%

Tollabreytingar þessar gilda frá og með 2. desember 1963.

Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

Nr. 215.

27. nóvember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara, og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. nóvember 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara,
og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara, og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frá Elínu Sigríði Halldórsdóttur, ekkju Jóns Þ. Ólafssonar, til minningar um þá bræður Jón Þorkel og Rögnvald, samkv. erfðaskrá,

dags. 13. ágúst 1958, með eftirlátnum eignum þeirra hjóna. Frú Elín Sigríður andaðist 15. febrúar 1962.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 487917.89. Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt eftir ráðstöfun sjóðsstjórnarinnar. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og gjafir, er honum kunna að áskotnast.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 4 manna nefnd og skipa hana: Bæjarfógetinn, sóknarpresturinn, bæjarstjórinn á Ísafirði og Guðmundur G. Kristjánsson, skrifstofustjóri, Aðalstræti 42, Ísafirði, en að honum látnum einhver niðja hans eftir samkomulagi þeirra á milli.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu bæjarfógeta og er hann reikningshaldari hans. Reikningar sjóðsins skulu árlega lagðir fyrir sjóðsstjórnina, endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarsjóðs og lagðir fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins og ályktanir sjóðsstjórnar.

5. gr.

Markmið sjóðsins skal vera til styrktar menningarmálum, svo sem kirkjumálum og því er lýtur að listrænni fegurin Ísafjarðarkaupstaðar. Höfuðverkefni sjóðsins skal vera að koma á fót Listasafni Ísafjarðar með kaupum á listaverkum, málverkum og höggmyndum, eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.

6. gr.

9/10 hlutum af vöxtum sjóðsins skal árlega varið samkvæmt fyrirmælum 5. greinar, en 1/10 hluta skal leggja við höfuðstólinn, unz hann nemur 1 milljón króna. Síðan skal verja öllum vöxtum sjóðsins og öðrum tekjum eins og að framan greinir.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn minningarsjóðsins.

Ísafirði, 12. febrúar 1963.

Jóhann Gunnar Ólafsson.

Guðm. G. Kristjánsson.

Jón Guðjónsson.

Sig. Kristjánsson.